

**From:** Gísli Gunnlaugsson [<mailto:gisli@tvest.is>]  
**Sent:** 9. janúar 2015 08:31  
**To:** Þóroddur F. Þóroddsson  
**Subject:** Strandabyggð

Sæll Þóroddur

Síðdegis í gær var fundur í umhverfis- og skipulagsnefnd Strandabyggðar, meðal dagskrárliða var eftirfarandi:

**1. Frummatsskýrsla vegna framleiðslu á regnbogasilungi og þorski.**

Erindi frá Skipulagsstofnun dagsett 17. nóvember s.l. þar sem óskað er umsagnar á frummatsskýrslu um framleiðslu á 6800 tonnum af regnboga-silungi og 200 tonnum af þorski sem Hraðfrystihúsið-Gunnvör hefur tilkynnt til athugunar stofnunarinnar. Umsagnaraðilar skulu gefa álit sitt í samræmi við 22. grein reglugerðar nr. 1123/2005 um mat á umhverfisáhrifum.

*Umhverfis- og skipulagsnefnd telur að í frummatsskýrslunni sé á fullnægjandi hátt gerð grein fyrir þeim atriðum sem getið er um í 22. grein reglugerðar nr. 1123/2005 um mat á umhverfisáhrifum.*

Fundargerði nefndarinnar á eftir fara fyrir fund í sveitarstjórn til staðfestingar eða synjunar.